

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	13 / 8 '15
Málalykill	09
Mál nr.	15 08 159

Lögfræðipjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
 Sigtúni 42 - Box 8552 128 Reykjavík
 Sími: 5787805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

Bæjarstjórn Garðabæjar,
 bt. Arinbjörns Vilhjálmssonar skipulagsstjóra
 Bæjarskrifstofu Garðabæjar,
 210 Garðabæ.

Reykjavík 5.8.2015.

Efni: Varðar Skipulagsmál í landi Akrakots og Breiðabólsstaðar í Garðabæ.

Kunnugt er að nú stendur yfir endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins á Álftanesi og fyrir liggur að fallist hefur verið á tilmæli um endurskoðun á reit Akarakots. Af því tilefni hafa nokkrir landeigendur í landi Breiðabólsstaða falið mér að koma eftirfarandi erindi á framfæri við yður.

Landeigendur hafa nokkrir rætt saman um að óska eftir endurskoðun á landnotkun á skipulagsreit er afmarkast af vegi frá Hvoli að Jörfa að vestan og nær frá veginum til austurs í átt að Bessastaðatjörn. Um er að tefla eigendur jarðarinnar Hvoll merkt BE í landskiptagerð, en í forsvari fyrir eigendur er Dagbjartur Björnsson, eigendur landspildu merkt í landsskiptagerð ÞG, er áður átti Þorfinnur Guttormsson en er nú í eigu Karls Steingrímssonar, Signýjar Sen og Sigurðar og Jóhanns Sigurjónssona, og d/b Sigurjóns Sigurðssonar og loks landspildu, sem merkt er í landsskiptagerð Jóni Vestdal, en nú í eigu afkomenda hans og í forsvari fyrir þau er Sólveig Jóhannesdóttir.

Eigendur hafa hug á að nýta betur landareignir sínar og hefðu hug á að gert yrði nýtt skipulag á svæðinu, þar sem litið yrði til heildarsýnar í skipulagi. Munnlegu erindi hefur áður verið komið á framfæri við yður en rétt þykir að beina hér með skriflegu erindi til bæjarstjórnar.

Fái erindið jákvæðar undirtektir munu landeigendur saman hlutast til um að láta gera tillögur að deiliskipulagi, sem beint yrði til skipulags- og byggingaryfirvalda bæjarins.

Undirritaður er reiðubúinn til að veita yður nánari upplýsingar ef óskað er en ofangreindar lendum eru afmarkaðar og hnitasettar í gagnagrunni sveitarfélagsins.

Ég vænti þess að heyra frá yður hið fyrsta.

Virðingarfyllst,


 Sigurður Sigurjónsson hrl.